# Hafnarsjóður Þorlákshafnar
# Ársreikningur
# 2011

Hafnarsjóður Þorlákshafnar
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn
Kt. 420190-1909

# Efnisyfirlit

**Efnisyfirlit**

Skýrsla stjórnar........................................................................... 3
Áritun óháðra endurskoðenda.......................................................... 4
Rekstrarreikningur........................................................................ 5
Efnahagsreikningur....................................................................... 6
Yfirlit um sjóðstreymi.................................................................... 7
Skýringar.................................................................................. 8-11
Sundurliðanir............................................................................. 12-14

## Skýrsla hafnarstjórnar og hafnarstjóra

Ársreikningur Hafnarsjóðs Þorlákshafnar fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur á Íslandi.

Rekstur Þorlákshafnar gekk mjög vel á árinu 2011 þrátt fyrir áframhaldandi samdrátt í lönduðum afla. Landaður afli var um 13.954 tonn í 1.236 löndunum af 51 báti og togurum. Þar af var bolfiskur um 11.200 tonn sem er samdráttur um 1.800 tonn frá fyrra ári. Landað var um 969 tonnum af heilum humri á árinu sem er samdráttur um 200 tonn frá fyrra ári. Auk þess var landað um 1.780 tonnum af makríl. Aflagjöld voru alls tæpar 46 milljónir króna en voru rúmar 43 milljónir króna á árinu 2010.

Herjólfur kom 334 sinnum í 184 daga á tímabilinu frá janúar til maí og frá október til desember. Áætlaðar tekjur af Herjólfi voru 10 milljónir en urðu um 19,4 milljónir króna.

Vöruflutningar um höfnina voru alls 86.360 tonn, með 46 skipum, þar af vikur 64.622 tonn, áburður 15.363 tonn, lýsi 2.805 tonn, salt 1.702, vörur til Búðarhálsvirkjunar um 630 tonn og laxaseiði um 143 tonn.

Framkvæmdir voru þær helstar að keyptar voru tvær 40 metra flotbryggjur. Þá var malbikað og gengið frá bílaplani við hafnarvogina fyrir bíla sjómanna. Ölver fór í slipp auk ýmiss annars venjubundins viðhalds. Ekki tókst að ganga frá flotbryggjum og færslu löndunarkrana á árinu og verður það unnið á árinu 2012.

Rekstrartekjur Þorlákshafnar á árinu 2011 voru 118,2 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð um 21,2 milljónir króna en var jákvæð um 18,3 milljónir króna á árinu 2010.

Hafnarstjón Þorlákshafnar og hafnarstjóri staðfesta hér með ársreikning Hafnarsjóðs Þorlákshafnar fyrir árið 2011 með undirskrift sinni.

Þorlákshöfn, 23. maí 2012

**Hafnarstjórn**

Þráinn Jónsson
Stjórnarformaður

Stefán Jónsson

Guðmundur Baldursson

**Hafnarstjóri**

Indriði Kristinsson

# Áritun óháðra endurskoðenda

### Til hafnarstjórnar Þorlákshafnar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Hafnarsjóðs Þorlákshafnar fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu hafnarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulega annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er að völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits Hafnarsjóðs sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Hafnarsjóðs Þorlákshafnar á árinu 2011, efnahag þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 23. maí 2012

**BDO ehf.**

Sigrún Guðmundsd.

Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | Fjárhags-áætlun | 2010 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Hafnargjöld | | 89.559.809 | 69.950.000 | 73.134.760 |
| Önnur seld þjónusta | | 27.544.887 | 28.250.000 | 34.174.374 |
| Aðrar tekjur | | 1.048.154 | 0 | 10.207.890 |
| | | 118.152.850 | 98.200.000 | 117.517.024 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 32.072.464 | 34.325.000 | 31.035.019 |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar | | 2.725.375 | 1.500.000 | 1.068.443 |
| Rekstur hafnarmannvirkja | | 9.082.069 | 10.340.000 | 20.678.902 |
| Rekstur hafnsögubáts | | 4.785.004 | 3.140.000 | 3.695.134 |
| Rekstur hafnarhúss | | 860.997 | 1.995.000 | 1.757.476 |
| Rekstur bifreiðar | | 456.599 | 395.000 | 490.855 |
| Rafmagn og vatn til endursölu | | 5.753.773 | 6.600.000 | 5.156.485 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 16.935.647 | 13.020.000 | 10.939.327 |
| Afskriftir | 5 | 20.382.608 | 21.730.000 | 20.382.608 |
| | | 93.054.536 | 93.045.000 | 95.204.249 |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda** | | 25.098.314 | 5.155.000 | 22.312.775 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | |
| Fjármunatekjur | 4 | 1.099.304 | 802.000 | 415.997 |
| Fjármagnsgjöld | 4 | (4.985.736) | (3.724.000) | (4.379.456) |
| | | (3.886.432) | (2.922.000) | (3.963.459) |
| **Rekstrarniðurstaða** | | 21.211.882 | 2.233.000 | 18.349.316 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| Eignir | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Hafnarmannvirki | 5 | 313.834.015 | 315.875.183 |
| Fasteignir | 5 | 62.176.628 | 63.978.761 |
| Áhöld og tæki | 5 | 12.823.487 | 13.718.180 |
| Eignarhlutir í félögum | 6 | 745.891 | 745.891 |
| | | 389.580.021 | 394.318.015 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur | 7 | 11.096.977 | 7.295.069 |
| Kröfur á tengd félög | | 4.764.238 | 14.285.769 |
| Aðrar skammtímakröfur | 7 | 210.281 | 1.894.355 |
| Handbært fé | 7 | 54.554.091 | 26.860.957 |
| | | 70.625.587 | 50.336.150 |
| **Eignir samtals** | | 460.205.608 | 444.654.165 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Óráðstafað eigið fé | | 381.515.832 | 360.303.950 |
| | | 381.515.832 | 360.303.950 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir í íslenskum krónum | 9 | 44.358.423 | 46.610.450 |
| Lífeyrisskuldbinding | 10 | 22.946.083 | 21.782.200 |
| | | 67.304.506 | 68.392.650 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 11 | 1.995.140 | 8.365.129 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 11 | 4.688.096 | 5.926.748 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 11 | 4.702.034 | 1.665.688 |
| | | 11.385.270 | 15.957.565 |
| **Skuldir samtals** | | 78.689.776 | 84.350.215 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 460.205.608 | 444.654.165 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

| | Skýr. | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| *Hreint veltufé frá rekstri:* | | | |
| Rekstarniðurstaða ársins | | 21.211.882 | 22.312.775 |
| *Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:* | | | |
| Afskriftir | | 20.382.608 | 20.382.608 |
| Verðbætur | | 2.560.011 | 1.396.651 |
| (Lækkun), hækkun lífeyrisskuldbindingar | | 1.163.883 | (428.204) |
| | | 45.318.384 | 43.663.830 |
| *Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum* | | | |
| (Hækkun), lækkun rekstrartengdra eigna | | (2.117.834) | (7.278.683) |
| Hækkun, (lækkun) rekstrartengdra skulda | | (3.333.643) | 9.160.620 |
| | | (5.451.477) | 1.881.937 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 39.866.907 | 45.545.767 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 5 | (15.644.614) | (114.630) |
| Hækkun á kröfum á tengd félög | | 9.521.531 | (13.172.115) |
| | | (6.123.083) | (13.286.745) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímaskulda | | (6.050.690) | (5.850.024) |
| | | (6.050.690) | (5.850.024) |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | | 27.693.134 | 26.408.998 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 26.860.957 | 451.959 |
| **Handbært fé í árslok** | | 54.554.091 | 26.860.957 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Hafnarsjóður Þorlákshafnar er B hluta fyrirtæki í eigu Sveitarfélagsins Ölfuss. Meginstarfsemi Hafnarsjóðsins er þjónusta við fiski- og flutningaskip í Þorlákshöfn. Bryggjukantar eru um 1.200 metrar og er dýpi í innsiglingu 8 metrar.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við settar reikningsskilareglur á Íslandi, sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum Hafnarsjóðs Þolákshafnar.

### Skráning tekna

Tekjur af þjónustu eru tekjufærðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast Hafnarsjóði og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að Hafnarsjóður verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna lífeyrisréttinda starfsmanna Hafnarsjóðs er færð meðal skuldbindindinga í efnahagsreikning á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting skuldarinnar er annars vegar afborgun af skuldbindingunni og hins vegar breyting til hækkunar eða lækkunar sem farið er með í gegnum rekstrarreikning.

# Skýringar

## 3. Laun og annar starfsmannakostnaður

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Laun | 24.531.159 | 23.648.978 |
| Lífeyrissjóður | 3.325.400 | 3.198.089 |
| Önnur launatengd gjöld | 2.579.930 | 2.547.662 |
| Annar starfsmannakostnaður | 1.635.975 | 1.640.290 |
| | 32.072.464 | 31.035.019 |
| | | |
| Stöðugildi | 4 | 4 |

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig: | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Aðrar vaxtatekjur | 1.099.304 | 415.997 |
| | 1.099.304 | 415.997 |

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Verðbætur langtímalána | 2.560.011 | 1.396.651 |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | 2.425.725 | 2.982.805 |
| | 4.985.736 | 4.379.456 |

## 5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Hafnar-mannvirki | Fasteignir | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 462.908.322 | 77.848.711 | 24.231.209 | 564.988.242 |
| Eignfært á árinu | 15.644.614 | 0 | 0 | 15.644.614 |
| Staða í árslok | 478.552.936 | 77.848.711 | 24.231.209 | 580.632.856 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 147.033.139 | 13.869.951 | 10.513.028 | 171.416.118 |
| Afskrift ársins | 17.685.782 | 1.802.133 | 894.693 | 20.382.608 |
| Staða í árslok | 164.718.921 | 15.672.084 | 11.407.721 | 191.798.726 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 315.875.183 | 63.978.761 | 13.718.181 | 393.572.124 |
| Bókfært verð í árslok | 313.834.015 | 62.176.627 | 12.823.488 | 388.834.130 |
| | | | | |
| Afskriftarhlutfall | 4% | 2-5% | 4-15% | |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna Hafnarsjóðs í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir | 27.385.000 | 63.150.000 | 62.176.627 |
| Hafnarmannvirki | 0 | 4.891.058.000 | 313.834.015 |

## 6. Fjárfestingaverðbréf

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Eignarhluti í Ísfélagi Þorlákshafnar | 745.891 | 745.891 |
| | 745.891 | 745.891 |

## 7. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur og óeinnh

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Óinnheimtar tekjur | 13.836.806 | 9.434.565 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (2.739.829) | (2.139.496) |
| | 11.096.977 | 7.295.069 |

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 2.139.496 | 1.455.365 |
| Gjaldfærð niðurfærsla á árinu | 600.333 | 684.131 |
| Staða í árslok | 2.739.829 | 2.139.496 |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

### Aðrar skammtímakröfur

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 0 | 1.549.818 |
| Aðrar kröfur | 210.281 | 344.537 |
| | 210.281 | 1.894.355 |

### Handbært fé

Handbært fé hafnarsjóðs samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum | 54.554.091 | 26.860.957 |
| | 54.554.091 | 26.860.957 |

## 8. Eigið fé

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2010 | 341.954.634 |
| Rekstrarniðurstaða ársins 2010 | 18.349.316 |
| Eigið fé 1.1.2011 | 360.303.950 |
| Rekstrarniðurstaða ársins 2011 | 21.211.882 |
| Eigið fé 31.12.2011 | 381.515.832 |

# Skýringar

## 9. Langtímaskuldir

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Skuldir í íslenskum krónum við lánastofnanir | 49.046.519 | 52.537.198 |
| | 49.046.519 | 52.537.198 |
| Næsta árs afborganir | (4.688.096) | (5.926.748) |
| Langtímaskuldir í árslok | 44.358.423 | 46.610.450 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Næsta árs afborganir | 4.688.096 |
| Afborganir 2013 | 4.688.096 |
| Afborganir 2014 | 4.688.096 |
| Afborganir 2015 | 4.688.096 |
| Afborganir 2016 | 4.688.096 |
| Afborganir síðar | 25.606.039 |
| | 49.046.519 |

## 10. Lífeyrisskuldbinding

Á Hafnarsjóði hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við starfsmenn sjóðsins. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati nemur skuldbindingin 22,9 milljónum króna og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfam launahækkanir. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu er tæpar 1,2 milljónir króna. Gjaldfærsla ársins í rekstrarreikningi nemur um 2,7 milljónum króna.

## 11. Aðrar peningalegar skuldir

### Viðskiptaskuldir

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 1.995.140 | 8.365.129 |
| | 1.995.140 | 8.365.129 |

### Aðrar skammtímaskuldir

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 3.132.272 | 0 |
| Ógreiddir, áfallnir vextir | 776.570 | 849.147 |
| Aðrar skuldir | 793.192 | 816.541 |
| | 4.702.034 | 1.665.688 |

### Næsta árs afborganir langtímaskulda

| | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 4.688.096 | 5.926.748 |
| | 4.688.096 | 5.926.748 |

# Sundurliðanir

## Hafnargjöld

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Lestargjöld | 2.788.264 | 2.509.168 |
| Bryggjugjöld | 6.380.148 | 7.240.289 |
| Aflagjöld | 45.749.286 | 41.370.021 |
| Vörugjöld | 16.245.583 | 16.268.070 |
| Hafnargjöld | 18.920.000 | 6.561.448 |
| Afskriftir þjónstutekna | (600.333) | (756.375) |
| Þjónustutekjur | 76.861 | (57.861) |
| | 89.559.809 | 73.134.760 |

## Önnur seld þjónusta

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Tengigjöld | 344.070 | 1.232.300 |
| Vogargjöld | 3.038.847 | 2.962.604 |
| Festargjöld | 1.181.180 | 2.352.504 |
| Farþegagjöld | 0 | 3.985.821 |
| Sorpgjald | 1.594.360 | 1.569.700 |
| Hafnsögugjald | 678.147 | 811.566 |
| Hafnarbakkaleiga | 1.093.127 | 1.442.397 |
| Kranaleiga | 360.325 | 415.100 |
| Þjónusta lóðsbáts | 7.122.975 | 8.489.598 |
| Selt rafmagn og vatn | 9.445.291 | 9.007.828 |
| Ýmis seld þjónusta | 0 | 0 |
| Hafnaverndargjald | 640.150 | 548.625 |
| Vinna verkamanna | 2.046.415 | 2.112.705 |
| Afskriftir þjónustutekna | (0) | (756.374) |
| | 27.544.887 | 34.174.374 |

## Aðrar rekstrartekjur

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Endurgreiðslur frá ríkissjóði | 1.048.154 | 9.981.503 |
| Styrkir og framlög | 0 | 226.387 |
| | 1.048.154 | 10.207.890 |

## Laun og launatengd gjöld

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Laun | 24.531.159 | 23.648.978 |
| Lífeyrissjóður | 3.325.400 | 3.198.089 |
| Launatengd gjöld | 3.076.583 | 3.018.005 |
| Launþegatrygging | 34.363 | 33.369 |
| Áfallið orlof | (23.349) | (16.422) |
| Vinna verkamanna | 0 | 0 |
| Bifreiðastyrkir | 1.128.308 | 1.153.000 |
| | 32.072.464 | 31.035.019 |

## Sundurliðanir

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| **Breyting lífeyrisskuldbindingar** | | |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar | 2.725.375 | 1.068.443 |
| | 2.725.375 | 1.068.443 |
| **Rekstur hafnarmannvirkja** | | |
| Viðhald hafnargarða og vita | 2.285.048 | 795.509 |
| Annað viðhald hafnarsvæðis | 0 | 0 |
| Hafnarvernd | 0 | 0 |
| Dýpkun | 167.546 | 13.620.135 |
| Gámaþjónusta | 2.470.104 | 2.082.918 |
| Öryggisgæsla | 26.592 | 26.592 |
| Rafmagn | 2.998.707 | 2.962.710 |
| Tryggingar | 1.006.724 | 975.889 |
| Flutningskostnaður | 0 | 9.093 |
| Áhöld | 0 | 51.940 |
| Vinnufatnaður og þvottur | 127.348 | 154.116 |
| | 9.082.069 | 20.678.902 |
| **Rekstur hafnsögubáts** | | |
| Olía | 94.072 | 839.787 |
| Rafmagn | 314.496 | 365.424 |
| Tryggingar | 1.771.361 | 1.693.506 |
| Öryggisgæsla | 148.951 | 46.598 |
| Viðhald skips | 1.741.685 | 371.554 |
| Annar kostnaður | 714.439 | 378.265 |
| | 4.785.004 | 3.695.134 |
| **Rekstur hafnahúss** | | |
| Rafmagn og hiti | (77.567) | 114.338 |
| Vátryggingar | 98.002 | 89.810 |
| Öryggisgæsla og eftirlitsgjöld | 263.006 | 582.645 |
| Viðhald og viðgerðir | 21.347 | 476.686 |
| Fasteignagjöld | 556.209 | 493.997 |
| Annar kostnaður | 0 | 0 |
| | 860.997 | 1.757.476 |

# Sundurliðanir

| | 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| **Rekstur bifreiðar** | | |
| Eldsneyti og smurning | 226.686 | 214.444 |
| Tryggingar | 223.538 | 191.955 |
| Eftirlitsgjald | 6.375 | 84.456 |
| | 456.599 | 490.855 |
| **Rafmagn og vatn til endursölu** | | |
| Rafmagn | 5.233.897 | 4.381.953 |
| Vatn | 519.876 | 774.532 |
| | 5.753.773 | 5.156.485 |
| **Annar rekstrarkostnaður** | | |
| Sími og netþjónusta | 492.369 | 494.884 |
| Félagsgjöld | 37.950 | 39.125 |
| Auglýsingar | 2.449.088 | 383.940 |
| Bækur, blöð og tímarit | 62.491 | 55.043 |
| Pappír, prentun og ritföng | 97.386 | 226.887 |
| Skrifstofuáhöld og búnaður | 98.860 | 75.200 |
| Ferðakostnaður | 1.570 | 78.680 |
| Kaffikostnaður | 128.471 | 92.110 |
| Endurskoðun og reikningsleg aðstoð | 584.433 | 569.975 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 517.129 | 1.114.595 |
| Árgjald til hafnarsambandsins | 205.000 | 345.000 |
| Hlutdeild í skrifstofukostnaði | 2.500.000 | 2.340.000 |
| Risna | 8.398 | 148.731 |
| Styrkir | 92.800 | 127.551 |
| Þjónustugjöld banka | 76.932 | 85.137 |
| Annað ósundurliðað | 28.087 | 21.013 |
| Fundir og ráðstefnur | 3.500 | 9.000 |
| Sjóvarnir | 1.042.669 | 0 |
| Hafnardagar | 1.659.131 | 0 |
| Viðhaldskostnaður | 6.849.383 | 4.732.456 |
| | 16.935.647 | 10.939.327 |